

**Eyðublað og leiðbeiningar vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2024/2025**

Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.

Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælt til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.

<b>Sveitarfélag:</b>	Suðurnesjabær
<b>Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðariög:</b>	Byggðarlagið Garður í Suðurnesjabæ
<b>Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:</b>	Samþykkt á 77.fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar þann 5.febrúar 2025
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	a) Ákvæði 1.másl. 1.mgr. 4.gr. reglugerðar nr. 819/2024 verði: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1.gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3.gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlufallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafli í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1.september 2023 til 31.ágúst 2024.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	EKKI er löndunarhöfn í Garði og því hafa fiskiskip skráð í Garði ekki getað landað sínum afla í heimahöfn í Garði. Með breytingunni verða tryggðir hagsmunir byggðarlagsins um að skip skráð í Garði geti landað afla til vinnslu í byggðarlaginu.
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	b) Ákvæði 1.másl. 1.mgr. 6.gr. reglugerðar nr. 819/2024 breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan sveitarfélagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta Garðs og til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1.september 2024 til 31.ágúst 2025.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	Þar sem ekki er löndunarhöfn í Garði geta fiskiskip skráð í Garði ekki landað afla í heimahöfn í Garði. Með þessari breytingu geta fiskiskip í Garði átt kost á úthlutun byggðakvóta gegn því að aflanum sé landað í sveitarfélaginu og til vinnslu í sveitarfélaginu.

Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á tölpóstfangið [mar@mar.is](mailto:mar@mar.is).